



## 4. FUNDUR Á VORÖNN 2021, MIÐVIKUDAGINN 5. MAÍ KL. 11:15

### 1. Bréf til skólaráðs

#### A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

#### B. Önnur bréf:

Nemandi sækir um undanþágu frá íþróttum til stúdentsprófs – vísað til kennslustjóra í íþróttum til umsagnar.

Þrír nemendur segja sig frá námi.

### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Kosningavika í gangi hjá NFFG, mjög margir í framboði og líflegt í kringum kosningaáróður nemenda. Kosnið verður 5., 6. og fram að hádegi 7. maí. Þá um kvöldið verður kosningavaka í skólanum og úrslit kynnt í rafrænni útsendingu. NFFG mun bjóða upp á grillaða hamborgara á síðustu dögum vorannar og verður það lokaviðburður núverandi stjórnar. Rætt var um að endurskoða næsta haust ramma í kringum kosningarnar og bjóða upp á fræðslu fyrir þá nemendur sem hyggjast bjóða sig fram.

### 3. Önnur mál

Súla sem sýnir stöðu FG í flokkunarmálum verður hengd upp á áberandi stað í skólanum og svo næsta haust verða verðlaun til allra þegar ákveðnum prósentölum verður náð í flokkuninni.

Fundinn sátu:

Anna Sóley Stefánsdóttir, fulltrúi NFFG

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Íris Hvanndal Skaftadóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi